



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Kópavogur, 10.nóvember 2020.

Málsnr. 1910012

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra
Sigurður Ingi Jóhannsson
Sölvhólsgötu 7
101 Reykjavík

Efni: Yfirfærsla vega sem falla úr tölu stofnvega og verða sveitarfélagsvegir skv. vegalögum nr. 80/2007.

Að störfum hefur verið starfshópur á vettvangi Vegagerðarinnar vegna yfirfærslu vega sem falla eiga út tölu þjóðvega, sbr. lög nr. 146/2019¹. Fól Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið Vegagerðinni að skipa starfshópin skv. erindisbréfi 6.mars 2020 og ósk um tilnefningu í starfshópin með bréfi til Sambands Íslenskra sveitarfélaga 13.mars 2020. Fundað hefur verið á vettvangi starfshópsins skv. verkefnum erindisbréfsins.

Fulltrúar sveitarfélaganna í starfshópnum hafa ítrekað vakið athygli á því að ekki sé búið að taka til umræðu rekstur og viðhald þeirra skilavega sem samkomulag kann að verða um að sveitarfélögin taki við. Þessi óvissa hefur haft mikil áhrif á vinnu starfshópsins þótt hún sé ekki hluti af því erindisbréfi sem starfshópurinn vinnur eftir. Ekkert er fjallað um þennan þátt málsins í vegalögum. Hefur því myndast ákveðinn ómöguleiki í viðræðum um skilavegina þar sem sveitarfélögin geta ekki sætt sig við samning um viðtöku skilavega nema til komi fé frá ríkinu til reksturs og viðhalds þeirra. Í þessu ljósi er einnig nauðsynlegt að benda á að sveitarfélögin hafa ekki sértæka tekjustofna til þess að reka viðkomandi skilavegi, verði af samkomulagi um yfirtöku þeirra.

Þá hafa fulltrúar SSH í starfshópnum einnig vakið athygli á 5. mgr 6.grein Samgöngusáttmálans sem kveður á um að „*Samhliða stofnun félagsins verða festar í sessi skuldbindingar og hlutverk ríkis og hlutaðeigandi sveitarfélaga varðandi viðhald og rekstur stofnvega, stofnstíga og almenningssamgangna og gengið frá fjárhagslegum, lagalegum og tæknilegum atriðum í því sambandi*. Í þessu samhengi verður m.a. að horfa til þess að ákveðin sérstaða er uppi á höfuðborgarsvæðinu hvað varðar ofangreint málefni. Framundan er uppbygging sameiginlegra samgönguinnviða sem fjármögnuð verður bæði af ríki og sveitarfélögum. Viðræður við ríkið hvað þennan þátt varðar hafa ekki farið fram þrátt fyrir að félagið, Betri Samgöngur ohf, hafi verið

¹ Með þessum lögum var framlengdur sá tími til ársloka 2020 sem Vegagerðin hefur samkvæmt bráðabirgðaákvæði vegalaga nr. 80/2007 m.s.br. til að semja við sveitarfélögin um yfirfærslu veganna frá Vegagerðinni til sveitarfélaga.




Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

stofnað. Það er því afstaða SSH að umræðan um einstaka skilavegi þurfi að tengjast þeirri heildarumræðu sem fram þarf að fara um eignarhald, rekstur og viðhald samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu skv. 6. gr Samgöngusáttmálans.

Að ofangreindu sögðu er ljóst að í fyrsta lagi þurfi að ganga frá rekstrar- og viðhaldsmálum skilavega til framtíðar áður en lengra er haldið í núverandi viðræðum. Í öðru lagi þurfi að hefja viðræður milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og ríkisins varðandi áður tilvitnað efni 6 gr Samgöngusáttmálans. Þar inni verði tekin sú umræða sem nú er uppi um einstaka skilavegi á vettvangi starfshópsins um skilavegina.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar SSH



Páll Björgvin Guðmundsson
Framkvæmdastjóri SSH

Afrit:

Samband Íslenskra sveitarfélaga.
Vegagerðin.